

Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni

1. gr.

Umdæmisráð barnaverndar, aðild og lagagrundvöllur

Sveitarfélög sem staðfest hafa samning þennan, reka saman umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni.

Samningur þessi er gerður með vísan til 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 þar sem fjallað er um skipan umdæmisráðs barnaverndar.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að umdæmisráðinu með samþykki allra aðildarsveitarfélaga með undirritun viðauka við samning þennan.

2. gr.

Skipan umdæmisráðs og valnefnd

Aðildarsveitarfélögin skulu koma sér saman um fimm manna valnefnd sem fær umboð sveitarfélaganna til skipunar umdæmisráðs barnaverndar (sjá erindisbréf valnefndar í viðauka I). Ef skipa þarf nýjan aðal- eða varamann á skipunartíma ráðsins annast valnefnd þá skipan með tilkynningu til aðildarsveitarfélaga. Valnefnd heldur fundi eftir þörfum um þau mál er varða rekstur ráðsins.

Ef ráðsmaður óskar lausnar eða er vikið úr ráðinu vegna framkomu hans eða skorts á almennu hæfi til setu í ráðinu, skal skipa nýjan ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins.

Um hæfi ráðsmanna fer samkvæmt 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga.

Skipunartími ráðsmanna er frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027.

3. gr.

Verkefni umdæmisráðs

Með samningi þessum fela aðildarsveitarfélögin umdæmisráðinu öll þau hlutverk sem því eru fengin í barnaverndarlögum og eftir atvikum öðrum lögum.

Umdæmisráðið er sjálfstætt í störfum sínum og stendur utan við almenna stjórnslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráðs barnaverndar taka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála.

Umdæmisráð tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði sbr. tilvitnuð ákvæði barnaverndarlaga:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.

3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr.
4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr.
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.

Barnaverndarþjónusta undirbýr og fer fram á úrskurð umdæmisráðs barnaverndar vegna mála sem lúta úrskurðarvaldi ráðsins. Þegar farið hefur verið fram á úrskurð umdæmisráðs getur ráðið lagt fyrir barnaverndarþjónustu að afla frekari gagna sem ráðið telur nauðsynleg til að komast að niðurstöðu í málinu.

Umdæmisráðið annast sjálft ritun úrskurða. Ráðið boðar til funda með málsaðilum og stjórnendum barnaverndarþjónustu.

Um ályktunarhæfi og form úrskurða umdæmisráðs barnaverndar fer samkvæmt stjórnáslögum.

Þegar fyrir liggur úrskurður umdæmisráðs barnaverndar ber barnaverndarþjónustu án tafar að koma honum til framkvæmdar í samræmi við hagsmunum barnsins.

Gögn sem verða til hjá umdæmisráði barnaverndar skulu varðveitt hjá barnaverndarþjónustu í gagnagrunni og stafrænum lausnum sem eru starfrækt af Barna- og fjölskyldustofu. Varðveita skal upplýsingarnar í skjalasöfnum viðkomandi barnaverndarþjónusta þar til gagnagrunnur og stafrænar lausnir eru fullbúnar. Umdæmisráð barnaverndar hefur aðgang að gögnum mála hjá viðkomandi barnaverndarþjónustu. Umdæmisráð barnaverndar skal vinna gögn barnaverndarmála í gagnagrunni og stafrænum lausnum sem eru starfrækt af Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

4. gr.

Aðbúnaður og aðsetur umdæmisráðs og tengiliðir

Aðildarsveitarfélögin veita aðal- og varamönnum styrk á skipunartíma til að ráðsmenn hafi fullnægjandi búnað til starfa sinna. Upphæð styrks er 100.000,- kr. og greiðist 1. janúar ár hvert á skipunartíma ráðsins.

Umdæmisráð hefur ekki fast aðsetur en aðildarsveitarfélögin skuldbinda sig til að útvega þeim fundaraðstöðu á hverjum stað eftir því sem nauðsyn krefur. Hvert sveitarfélag ber ábyrgð á að ráðið geti fundað í fjarfundi sé þess óskað, með fundarbúnaði er uppfyllir persónuverndarlög og öryggissjónarmið.

Yfirmaður barnaverndarþjónustu eða staðgengill hans annast nauðsynleg samskipti við umdæmisráð barnaverndar. Hver barnaverndarþjónusta fyrir sig ber ábyrgð á aðgangi ráðsmeðlima að gögnum þeirra mála er til umfjöllunar eru hverju sinni.

Formaður umdæmisráðs hefur yfirstjórn ráðsins með höndum og er tengiliður umdæmisráðs við aðildarsveitarfélög og barnaverndarþjónustu þeirra.

5. gr.

Þóknun ráðsmanna

Ráðsmenn fá greidda fasta þóknun á mánuði fyrir setu í ráðinu. Auk fastrar þóknunar er greidd sérstök þóknun fyrir hvert mál sem kemur til kasta umdæmisráðsins, þ.e.a.s. greitt er fyrir hvern úrskurð. Greiðsla er innt af hendi fyrir hvern úrskurð, sama hversu oft málið er tekið fyrir af ráðinu. Ef um systkini er að ræða og álitaefni sambærileg, er ein greiðsla fyrir úrskurð er gildir um þau börn. Nánar er kveðið á um greiðslur til ráðsmanna í viðauka II við samning þennan.

Óski barnaverndarþjónustur að fundir séu haldnir í heimahéraði, ber að greiða ráðsmeðlimum ferðakostnað og dagpeninga eða útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum.

6. gr.

Skipting kostnaðar milli sveitarfélaga

Föst þóknun ráðsmanna sbr. 1. mgr. 5. gr. og almennur kostnaður við rekstur ráðsins sbr. 1. mgr. 4. gr. skiptist milli sveitarfélaga í samræmi við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Kostnaður vegna einstakra mála sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr. greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

7. gr.

Umsýsla kostnaðar vegna starfsemi umdæmisráðs

Sveitarfélög sem eiga aðild að umdæmisráði á landsbyggðinni skiptast á að annast fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins. Sveitarfélagið Akureyrarbær sinnir umsýslu frá og með 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2027. Þar undir heyrna greiðslur til ráðsmanna sbr. 5. gr. sem og annar sameiginlegur kostnaður sem fellur til og rúmast innan sameiginlegs rekstrar ráðsins. Greiðsla fasts kostnaðar skv. 5. gr. fellur niður hjá því sveitarfélagi sem annast fjárhagslega umsýslu hverju sinni og dreifist því á önnur aðildarsveitarfélög umdæmisráðsins skv. 6. gr. Umsýsla kostnaðar umdæmisráðs næsta skipunartímabils færist til annarra sveitarfélaga er aðild eiga að samningi þessum eftir stafrófsröð frá Akureyrarbæ að telja.

Umsýslusveitarfélag sendir mánaðarlega reikninga til aðildarsveitarfélaga og árlega skýrslu um rekstur ráðsins. Umsýslusveitarfélag sér ekki um greiðslu til umdæmisráðs vegna fyrirtöku einstakra mála hjá ráðinu.

Úrsagnir úr ráðinu eða beiðnir um aðild skulu berast umsýslusveitarfélagi sem sendir tilkynningar eða beiðnir til aðildarsveitarfélaga sbr. 1. og 8. gr.

8. gr.

Úrsögn sveitarfélags og endurskoðun samnings

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að umdæmisráð skv. samningi þessum og ganga inn í annað umdæmisráð skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna það með skriflegum hætti til

umsýslusveitarfélags. Tekur úrsögn þá gildi við næstu mánaðarmót, að því gefnu að sveitarfélagið hafi greitt upp allan þann kostnað sem því ber sbr. 5. gr.

Fjórðungur sveitarfélaga er aðild eiga að samningi þessum geta farið fram á endurskoðun samningsins í heild sinni eða að hluta. Umsýslusveitarfélag boðar þá til fundar með mánaðar fyrirvara þar sem breytingatillögur verða bornar upp og ræddar. Samþykki helmings sveitarfélaga þarf til að breytingar taki gildi frá næstu mánaðarmótum.

8. gr.

Gildistaka

Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 2023 og gildir til 31. desember 2027.

Staðfesting samnings þessa er einnig staðfesting á erindisbréfi valnefndar umdæmisráðs á landsvísu sem tekur gildi 16. september 2022 (viðauki I).

Samningur þessi er einnig staðfesting á viðauka II er fjallar um þóknun ráðsmeðlima.

Samningur er staðfestur með rafrænni undirritun.